6. gr.

Vegna búrekstrar skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 7. gr., skal fylgja útfyllt 4. síða landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 (bústofnshluti).

7. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2003 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

a) Á rafrænu skattframtali 2004 (RSK 1.04) á heimasíðu ríkisskattstjóra *rsk.is*.
b) Með dulrituðum tölvupósti, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
c) Á tölvudisklingi, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra, ásamt útfylltri og undirritaðri forsíðu eyðublaðsins RSK 1.04 á pappír.
d) Á skattframtali rekstraraðila 2004 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.

Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.

8. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. janúar 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

Nr. 117 22. janúar 2004

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/2004 um skattmat á bústofn til eignar 2004.

Eignamat í árslok

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi á árinu 2004 vegna bústofnsskýrslu fyrir það ár:

	kr.
Mjólkurkýr	83.000
Holdakýr og naut	60.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	49.000
Geldneyti	32.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	9.600
Ær og sauðir	4.900
Hrútar	8.000

		kr.
Gemlingar		4.400
Hross á 14. vetri og eldri		15.000
Hross á 5. – 13. vetri		30.000
Fulltamin reiðhross (á 5. – 13. vetri)		110.000
Önnur nýtanleg reiðhross		55.000
Verðlaunahross (á 5. – 13. vetri)		150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri		220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri		320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri		10.000
Folöld		7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða		730
Varphænsni 6 mánaða og yngri		450
Kjúklingar		150
Endur		680
Gæsir		1.200
Kalkúnar		1.700
Gyltur		16.000
Geltir		25.000
Grísir		5.000
Kanínur		2.900
Minkar:	Karldýr	3.200
	Kvendýr	1.900
	Hvolpar	0
Refir:	Karldýr og kvendýr	5.300
	Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri		3.200

Reykjavík, 22. janúar 2004.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

27. janúar 2004 Nr. 118

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/2004 um breytingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2003, sbr. auglýsingu í 145. tbl. Lögbirtingablaðs, dags. 31. október 2003 um að álagningu sé lokið.

Með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2003 þann 7. apríl nk.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 27. janúar 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.